



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1815  
komudagur 28.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2011  
Tilvísun: 201103-0002


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 393. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 393. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði tímabundið að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að raforka sem þarf til að knýja slíkt dælukerfi sé mun minni en þyrfti við hefðbundna rafhitun. Stofnkostnaðurinn við að koma upp slíkum búnaði sé þó nokkuð hár og geti verið hindrun fyrir því að hann sé keyptur. Þá hindrun mætti minnka verði frumvarpið að lögum.

ASÍ styður viðleitni til að draga úr kostnaði íbúa á „köldum“ svæðum vegna rafhitunar húsa og mælir með því að frumvarpið sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllt,  
  
Stefán Úlfarsson  
Hagdeild ASÍ


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2011

**Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 393.**

Bandalag háskólamanna setur ekki fram athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson.



# Bygðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1742  
komudagur 16. 3. 2011

Dagsetning  
16. mars 2011

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, mál 393.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Húshitunarkostnaður er verulegur á nokkrum svæðum á landinu. Eðlilegt er að hið opinbera auki ekki þennan kostnað og að heimilað verði að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Virðingarfyllst

---


Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/1758

komudagur 18.3.2011



Nefndarsvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2011  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um bretingu á lögum um virðisaukaskatt, nr, 50/1988, með síðari breytingum, 139. löggjafarþingi, þskj. 601 – 393. mál**

*Tilv. 2011030004*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 2. mars 2011.

Bændasamtök Íslands mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur



**EYÞING**  
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA  
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1706  
Gmudagur 14. 3. 2011


Akureyri 14. mars 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataekjum), 393. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 30.03.2011  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK


**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988– þskj. 601 – 393. mál**

Að beiðni efnahags- og skattanefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, þskj. 601 – 393 mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 - 2011.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að heimilt verði að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Varmadælu hafa notið aukinna vinsælda á norðurslóðum til húshitunar og hafa leitt til þess að húshitunarkostnaður hefur lækkað til muna, einkum á köldum svæðum. Landsvirkjun telur að breytingin muni stuðla að því að fleiri aðilar komi til með að nýta sér varmadælu til húshitunar. Með því geti bæði heimili og fyrirtæki lækkað kostnað sinn til muna. Að þessu leyti telur Landsvirkjun að fram kominn tillaga að lagabreytingu geti haft mjög þýðingarmikil og jákvæð áhrif. Með vísan til þess fagnar Landsvirkjun fram kominni tillögu.

Virðingarfyllt



Hörður Arnarson  
forstjóri



**Orkusetur**

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1769  
komudagur 18.3.2011

Borgir Norðurslud  
600 Akureyri  
sif@os.is

Tel: +345 569 6085  
Fax: +354 462 6082  
www.orkusetur.is

Akureyri 01.04.11

## Varmadætur og skattar

Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataekjum), 393. mál.

### Varmadætur

Orka getur verið á mismunandi formi og sama orkumagn getur verið misverðmætt. Raforka er t.d. hágæðaorka og ein kWst af raforku því mun verðmætari en ein kWst af hita. Sem betur fer eiga Íslendingar jarðhitann, gríðarlega auðlind sem sér 90% landsmanna fyrir ódýrri og umhverfisvænni húshitun. Þau tíu prósent sem ekki hafa aðgang að jarðhita þurfa hinsvegar að notast við rafhitun sem er mun dýrari húshitunarkostur þó að ríkið niðurgreiði rafhitun að hluta.

Þrátt fyrir að hlutfallslega fáir íbúar búi við rafhitun þá er hún umfangsmikil og talsverður hluti af almennri raforkunotkun í landinu. Heildarraforkunotkun til húshitunar gæti verið í kringum 700 GWh. Líta má á þessar GWst sem vannýtta auðlind vegna þess að auðveldlega má draga úr þessari rafhitun með uppsetningu varmadæla.

Það er ekki skynsamleg orkunýting að nota hágæða raforku til að mynda lágæða hitaorku og þar að auki er hitunarþörf íbúða mest þegar vatnsaflsvirkjanir hafa minnstu framleiðslugetuna. Heðbundin varmadæla samanstendur af dælubúnaði og leiðslum sem mynda lokað gas/vökvakerfi. Allar varmadætur nota vinnslumiðil í lokuðu kerfi og nýta óreiðubreytingu þegar vinnslumiðillinn fer úr vökvafasa í gasfasa. Þannig er hægt að fá 2-5 kWst af hitaorku úr hverri kWst af raforku sem knýr dæluna á meðan bein rafhitun skilar aðeins einni kWst af hita fyrir hverja kWst raforku sem fer inn í húsið.

Með notkun varmdæla má því mæta sömu hitunarþörf með færri kWst af hágæða raforku. Afkastageta raforkukerfisins skerðist ekkert með uppsetningu varmadæla sem þýðir að þær kWst sem sparast má nota í aðra uppbyggingu eða til að mæta aukinni raforkuþörf til framtíðar. Með varmdælu er í raun verið að skila verðmætri raforku til baka inn í kerfið og því má segja varmadætur séu okkar smæstu virkjanir. Þetta er lang ódýrasta leiðin til að mæta raforkuþörf til atvinnuuppbyggingar enda raforkan aðeins aukaafurð framkvæmda sem stuðla að lækkun upphitunarkostnaðar húsnæðis. Margt smátt gerir eitt stórt og með einföldun má segja að ef rafhitun yrði helminguð með uppsetningu varmadæla þá myndi losna um 350 GWst í raforkukerfinu sem samsvarar um 50 MW virkjun.

Varmadæluuppsetningar hafa tekið aðeins við sér með breytingum á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar 2009. Með breytingunum var opnað á möguleika ríkisins til að taka þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olíukyndingu. Þannig greiðir ríkið fyrir sinn hluta af framreiknuðum sparnaði sem af framkvæmdinni hlýst. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna kaupa á varmdælum myndi auðvelda íbúum á köldum svæðum ennfrekar kaup á slíkum búnaði og líklega verða til þess að íbúðareigendur myndu treysta sér í dýrari búnað sem gæfi öruggari sparnað.

### Hagsmunaaðilar

Áhrif þess að endurgreiða virðisaukaskatt af varmadælum til íbúðareigenda á rafhituðum svæðum myndi einkum hafa hafa áhrif á þrjá hagsmunaaðila; íbúðareigendur á köldum svæðum, ríkissjóð og orkufyrirtæki. Endurgreiðsla VSK myndi auka hagkvæmni varmadæluuppsetninga og flýta mjög sparnaði á raforkunotkun til hitunar sem svo aftur dregur verulega úr niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar af hálfu ríkisins eru umtalsverðar og nemur upphæðin árlega um eitt þúsund milljónum króna. Það er því sameiginlegt hagsmunamál ríkis og íbúa að ná niður kostnaði við rafhitun.

Tekjur ríkis af VSK á varmadæluþúnaði í íbúðarhúsum er hverfandi í dag enda er stofnkostnaður hágæða varmadæla með VSK oft með lengri endurgreiðslutíma en íbúðareigendur geta sætt sig við. Því verður ekki um eiginlegt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð ef umrætt frumvarp verður að lögum. Varmadælu eru sérhæfð tæki sem eru ekki í neinni samkeppni við annan þúnað og rafkyntar íbúðir eru innan við 10% af íbúðum á landinu. Það ætti því að vera mjög auðvelt að afmarka endurgreiðslu á VSK við slíkar íbúðir líkt og gert hefur verið vegna vinnu við endurbætur á íbúðarhúsnæði.

Endurgreiðsla VSK af varmadælum væri mikilvæg mótvægisáðgerð vegna síhækkandi upphitunarkostnaðar fólks á rafkyntum svæðum. Slík áðgerð væri verulega hvetjandi fyrir íbúa, með háan kyndingarkostnað, að setja upp slíkan þúnað og draga þannig verulega úr raforkuþörf húsnæðis og þar með orkukostnaði. Þetta er líklega ein ódýrasta leiðin fyrir ríkissjóð til jöfnunar á húshitunarkostnaði heitra og kaldra svæða. Að ofangreindu má sjá að gild rök eru fyrir því að endurgreiðsla VSK af varmadælum myndi lækka upphitunarkostnað íbúa á köldum svæðum og enn fremur lækka niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs.

Uppsetning varmadælu leiðir til minni raforkunotkunar. Þó að væntanlegur sparnaður verði aðeins brotabrot af heildarraforkuframleiðslu landsins þá munu viðskiptavinir með nýja varmadæla kaupa færri kWst en áður. Hinsvegar verður að benda á þá staðreynd að raforka er verðmæt afurð og hver kWst sem sparast við rafhitun má selja í annað. Því má segja að raforkusparnaður með varmadælum sé einnig ein ódýrasta leiðin til að "virkja" til grænnar raforkuframleiðslu. Innleiðing varmadæluþýtingar yrði líklega ekki í neinum stökkum og félli líklega vel inn í áætlaða aukningu á raforkuþörf til almenningsnota samkvæmt rafrokuspá (sjá mynd 1). Því er líklegt að spöruð kWst frá köldu svæði hliðrist aðeinungis til í kerfinu og verði nýtt í nýbyggingu annarstaðar. Áhrif varmadæla á raforkufyrirtæki ættu að vera hverfandi og einungis er verið að nýta orkuauðlindir okkar betur.



### Skattar og niðurgreiðslur

Áhrif varmadæluframkvæmda á ríkissjóð eru margslungin m.a. vegna þess að raforka til hitunar ber ekki sömu skattprósentu og raforka til almennra nota þó að enginn eðlismunur sé á kílóvattstundinni sem slíkri. Hver kílóvattstund sem skilgreind er til almennrar notkunar ber 25,5% VSK auk orkuskatts upp á 0,12 kr/kWst. Hinsvegar ber hver kílóvattstund til rafhitunar aðeins 7% VSK. Að auki eru greiddar að jafnaði 3 kr/kWst í niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar.

Í töflunni má sjá hvernig 200.000 kWst sem framleiddar eru í virkjun skapa mismunandi kostnað og tekjur fyrir ríkissjóð eftir því hvernig kílóvattstundirnar eru nýttar. Dæmið sýnir hvað gerist ef **5 íbúðarhús** með 40.000 kWst beina rafhitun setja upp varmadæluþúnað sem sparar að jafnaði 50%. Raforkan sem sparast, samtals 100.000 kWst, eru svo seldar annarstaðar í raforkukerfinu sem almenn notkun. Gert er ráð fyrir að innleiðing varmadæla dragi ekki meira úr raforkunotkun en nemur aukningu á raforkuþörf til almenningsnota samkvæmt spá Orkustofnunar. (sjá mynd 1)

5 íbúðarhús	Án varmadælu	Með varmadælu
Raforkuþörf	200.000 kWst	100.000 kWst
Niðurgreiðsla ríkis	620.000 kr	310.000 kr
Skatttekjur ríkis af hitun (7%)	94.640 kr	47.320 kr
Skatttekjur ríkis af sparaðri orku sem fer til annara nota (25,5%)	0 kr	251.430 kr
Útgjöld ríkissjóðs að frádregnum sköttum.	-525.360 kr.	-11.250 kr

### Samantekt

Jákvæð áhrif varmadæla eru margþætt. Þær lækka kostnað við upphitun á köldum svæðum, þær minnka niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs, uppsetning og þjónusta á varmadælum skapa atvinnu, og raforkusparnaðinn má svo nýta í ennfrekari atvinnuuppbyggingu eða til að mæta aukinni framtíðar raforkuþörf almennings.


Áhrif frumvarps	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð
Íbúar á köldum svæðum	<b>X</b>		
Ríkissjóður	<b>X</b>		
Orkufyrirtæki		<b>X</b>	

Færa má rök fyrir því að endurgreiðsla á VSK af varmadælum myndu leiða til:

- Fjölgunar varmadæla og aukinnar hagkvæmni af notkun þeirra.
- Jöfnunar á húshitunarkostnaði heitra og kaldra svæða
- Bættra búsetuskilyrða á köldum svæðum
- Minni útgjalda ríkissjóðs til niðurgreiðslna á húshitun
- Raforkusparnaðar sem nýta mætti í aðra uppbyggingu
- Hærri skatttekna af raforku sem nú fer í hitun



Mynd 1 (Raforkuspá fyrir almenna notkun, heimild Orkustofnunar)



Sigurður Friðleifsson  
Framkvæmdastjóri Orkuseturs

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1735*  
*komudagur 16.3.2011*


Reykjavík, 16. mars 2011  
Tilvísun: 2011030001/50.11  
Project Number: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum virðisaukaskatt, 393. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmatækjum), 393. mál.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra

  
Lárus Ólafsson  
yfirlögfræðingur



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1691  
komudagur 14.3.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2011 02-2011030007  
G-ums 09/11

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum - 393. mál, þskj. 601.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. mars 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði tímabundið að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.


Í tilefni af þessu vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram að samkvæmt meginreglum virðisaukaskatts bera þeir aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þann virðisaukaskatt sem þeir greiða við kaup á vörum og þjónustu. Það er álit embættisins að forðast beri að fjölga endurgreiðslum til handa þeim sem standa utan virðisaukaskattskerfisins. Í fyrsta lagi auka þær flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts, en nóg er af þeim fyrir og jafnframt eykst hætta á misferlum. Í öðru lagi þá auka endurgreiðslur við álag á starfsfólk í skattkerfinu en hafa ber í huga að reglur um tímabundnar auknar endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis, sbr. og reglur um frádrátt frá tekjuskattsstofni, hafa kostað miklar tilfærslur á starfsmönnum ríkisskattstjóra en afgreiddar hafa verið hátt í 15.000 umsóknir þegar umsögn þessi er rituð. Hafa ber í huga að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð en ekki tæki til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Allar endurgreiðslur kalla á tilflutning á mannafla og dregur það úr tekjumöguleikum ríkissjóðs. Að mati ríkisskattstjóra er tilgangi frumvarpsins betur náð með beingreiðslum úr ríkissjóði.

Ef á hinn bóginn er vilji til að fara þá leið sem frumvarpið stefnir telur ríkisskattstjóri ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir. Bendir ríkisskattstjóri á að afmörkunin á gildissviði frumvarpsins er ekki nægilega skýr. Af athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins má ætla að endurgreiðslurnar eigi eingöngu að ná til hitunar íbúðarhúsnæðis en ekki atvinnuhúsnæðis. Það er hins vegar ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu. Þá mætti skoða þann möguleika að setja tiltekin fjárhæðarmörk. Ennfremur þykir ríkisskattstjóra ástæða til að benda á að upp kunna að koma álitæfni um það hvaða búnaður eigi að falla undir endurgreiðsluheimildina, sbr. t.d. orðalagið „tengdum búnaði“. Ákvæði þetta er því of óljóst og getur kallað á matskenndar ákvarðanir.

Hvað gildistímann varðar, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þá er það mat ríkisskattstjóra að taka megi skýrar fram að heimildinni sé eingöngu ætlað að taka til búnaðar sem keyptur er á gildistíma

laganna enda gefi reikningur í bókhaldi slíkt til kynna.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



NEFNDASVIÐ ALÞINGIS  
AUSTURSTRÆTI 8 – 10  
150 - REYKJAVÍK

EFNI: UMSÖGN UM MÁL 393, FRV. UM EGR. VSK AF „VARMATÆKJUM“

Hér með tilk. að Samband sveitarfélaga á Austurlandi styður framgang máls nr. 393 á hinu háa Alþingi og telur það jákv. skref í þeirri viðleitni að lækka húshitunarkostnað á svokölluðum „köldum svæðum“.


**Bent er á niðurlag greinargerðar með frv., en þar segir:**

„Þrátt fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á varmadælu (og tengdum búnaði til húshitunar – innsk. BHG) er ljóst að húshitunarkostnaður á ýmsum landsvæðum verður hærri en viðunandi getur talist um ókomin ár. Áfram verður því að halda með niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði þar sem hann er lægstur jafnframt því að leita annarra leiða til þess að draga úr þessum mikla og sára kostnaði sem víða birtist okkur á þessu sviði á landsbyggðinni“.

Okkar skilningur er sá, að þarna sé notað rangt lýs.orð og standa eigi „hæstur“. Að þeirri leiðréttingu gerðri tókum við undir greinargerðina.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Djúpavogi 2. marz 2011;

f. h. S.S.A.  
  
Bj. Hafþór Guðmundsson  
frkvstj. SSA

2. mars 2011

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmatækjum), 393. mál.

Þess er óskað að umsögn berist fyrir 16. mars nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is) en jafnframt er óskað eftir að fá undirritað frumrit til skjalaskráningar sent til Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altxt/139/s/0601.html>

Vakin er athygli á því að allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar það hefur verið rætt á nefndarfundum. Bent skal á að leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni [www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html).

Framvegis verða umsagnarbeiðnir um þingmál aðeins sendar í tölvupósti. Vinsamlegast staðfestið netföng umsagnaraðila, eitt eða fleiri, til að tryggja það að umsagnarbeiðnir komist til skila.



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nn P 139/1720  
komudagur 15.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

15. mars 2011

**Umsögn um frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998, með síðari breytingum, 393. mál**

Skv. frumvarpinu verður heimilað að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að húshitunarkostnaður er gjarnan talsvert hærri á þeim svæðum sem nýta raforku til kyndingar en þar sem jarðhitaveitu nýtur við. Rétt er þó að halda til haga að rafhitun húsa er engu að síður mun ódýrari kostur hérlendis en í helstu samanburðarlöndum.

Samorka styður að slík endurgreiðsla verði heimiluð, enda verði slík kaup og notkun á varmadælum talin hagkvæmari en rafhitun. Samtökin minna þó jafnframt á mikilvægi jarðhitaleitar og styrkveitinga til uppbyggingar nýrra hitaveitna, sem alla jafna hafa reynt vera þjóðhagslega arðbær ráðstöfun opinberra fjármuna.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 139/1793

komudagur 24.3.2011

Selfossi, 23. mars 2011

1010005SA ÞH


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 393. mál

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 18. mars sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataekjum), 393. mál.

Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



# SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Alþingi

Erindi nr. P 139/1721  
komudagur 15. 3. 2011

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 – REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2011

1102017SA MKH/  
Málalykill: 173

**Efni:** Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatts, endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kaupa á varmadælum, 393. mál

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hefur haft til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, endurgreiðsla virðisaukaskatts af kaupum á varmadælum, þskj. 601 – 393. mál.

*Stjórn SSKS lýsir stuðningi sínum við frumvarpið og hvetur Alþingi til þess að samþykkja frumvarpið sem fyrst og jafnframt að samþykkja fjárveitingar til þess að standa undir endurgreiðslu virðisaukaskatts af kaupum á varmadælum og búnaði tengdum þeim.*

Framangreindri umsögn stjórnar SSKS er hér með komið á framfæri. Nánari upplýsingar veitir formaður stjórnar SSKS, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

Virðingarfyllst

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður SSKS

# Varmavélar ehf.

Skrifstofa alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

## Umsögn v/ máls 393 um aðflutningsgjöld & vsk á varmadælur.

**Varmadælur** hafa verið áberandi í umræðunni um kyndikostnað á köldum svæðum að undanfögnu. Þetta er ekki að ástæðulausu því varmadælur geta sannanlega lækkað orkukaup til húshitunar um 60 til 80%. Að teknu tilliti til afskrifta og rekstrarliða getur fjárhagslegur sparnaður dottið niður um 40 til 60% miðað við beina rafhitun og munar um minna fyrir þá sem búa á köldum svæðum. Vísað er á [www.varmavelar.is](http://www.varmavelar.is) til frekari upplýsinga.

### Fyrst um tolla og vörugjöld:

Samkvæmt íslenskri tollskrá flokkast varmadælur í tvo megin flokka. Algengustu varmadælnar þ.e loft-loft tækin (air conditioning units) eru flokkaðar í tollflokk 8415 - 8100 og bera 10% toll. Þessar varmadælur eiga flestar uppruna í Asíu en hingað koma þær aðallega frá Svíþjóð. Tollflokkun hér er samhljóða sænsku tollskránni en sá er munur á að inn í Svíþjóð fer þessi flokkur á "0-i" en hingað á 10% tolli eins og áður segir.

Allar aðrar gerðir varmadæla falla í tollflokk 8418 og undirflokkana 6101 eða 6109. Það er þessi undirflokkun sem þarfnast sérstakrar skoðunar. Tökum sænsku tollskrána til samanburðar. Í flokk 8418-610010 falla varmadælur ætlaðar í (almennings) flugvélar en allar aðrar í 8418-610090. Hér eru varmadælur til **heimilisnota** settar í flugvélaflökkinn (8418-6101) og bera 7,5% toll og 20% vörugjald en aðrar varmadælur falla í 8418-6109. Sá flokkur er vörugjaldslaus auk þess að bera lægri toll en 8418-6101

20% vörugjald á varmadælur til heimilisnota er illskiljanlegt fyrirbæri. Starfsmenn tollsins hafa varla átt sjö dagana sæla við að draga hinar ýmsu varmadælur í dilka, (8418-6101 eða 8418-6109) eftir notkunarsviði. Sem dæmi má nefna að varmadæla til að verma ofnavatn íbúðarhúsa er návæmlega sami hluturinn og sú sem er notuð til að halda kælivatni diselvéla (í biðstöðu) volgu. Hvort ætli 500 kW varmadæla til að kynda skólann og sundlaugina, plús 20 nærliggjandi heimili sé “varmadæla til heimilisnota” eða ekki ?

Fyrsta skrefið í þessu máli er að slá 10% tollinn af loft-loft varmadælunum í 8415, og í annan stað að flokka allar aðrar varmadælur í tollflokk 8418-6109. Þar með er vörugjaldið á “varmadælur til heimilisnota” úr sögunni og öll þau vandamál sem því fylgja. Vandséð er að ríkið tapi nokkru á þessu, einhverjar krónur hætta að skila sér í formi tolla og vörugjalda en á móti ráðast fleiri í að koma þessum tækjum upp sem endar alltaf með sparnaði fyrir alla.

### **Endurgreiðsla virðisaukaskatts:**

Áhrifin yrðu margvísleg og jákvæð.

- Ríkið verður af innkomu í formi Vsk. **en á móti kemur:**
- Sveitarfélög munu sérstaklega njóta góðs af og hugsa sér frekar til hreyfings.
- Einstaklingar fjárfesta frekar í stærri og vandaðri varmadælum og spara meira.
- Arðbær atvinna skapast fyrir allmargar hendur við hönnun smíði og uppsetningu.
- Raforkukerfið nýtur góðs af og raforka fellur til án virkjunar.
- Olíukyndingum mun vonandi fækka og helst hverfa með öllu.
- Niðurgreiðslur vegna húshitunar minnka enn meira en þegar er orðið **og**
- Kvótakaup ríkisins skv 8 ára reglunni munu minnka að einhverju marki strax.

Endurgreiðslukerfið er þegar til og þrautprófað, sbr endurgreiðslu vsk. af viðhaldi húsa. En eitt er það sem vert er að benda á. Varmadæla er í eðli sínu nokkurskonar færiband sem flytur orku frá einum stað til annars. Rafmótor drífur þær rétt eins og færíbandið en hagkvæmni þessara tækja felst í því að fyrir hverja orkueiningu sem mótörinn þarf til sín flytur varmadælan margfalt fleiri orkueiningar á milli staða. Nánar um þetta á [www.varmavelar.is/docs/varmadaelur.pdf](http://www.varmavelar.is/docs/varmadaelur.pdf)

Þessi tæki þurfa með öðrum orðum öll að hafa aðgang að orku til að vinna úr, svo sem útiloftið, borholur eða t.d volgru.

Varmadæla sem sækir orkuna í útiloftið samanstendur af vélbúnaði úti og inni og hana er vandalaust að skilgreina gagnvart endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hagkvæmstu varmadælurnar eru þær sem sækja orkuna í volgrur eða vatnsgæfar borholur. Í tilvikum þar sem vatns er von mun borga sig að bora holur og virkja með þeim kostnaði sem því fylgir. Hvernig á að fara með vsk. af þeim kostnaði ?

Við Varmavélamenn höfum þegar smíðað nokkrar varmadætur hér innanlands og getum staðfest að í tilvikum standa þessi tæki jafnfætis hitveitum varðandi kostnað við framleiðslu á heitu vatni. Að okkar mati er allra hagur að örva útbreiðslu og notkun þessara tækja. Endurgreiðsla virðisaukaskatts er öflugur hvati á þá myllu.

Reykjavík, 16 mars 2011

Varmavélar ehf.

Friðfinnur K. Danielsson  
Verkfræðingur.

[www.alvarr.is](http://www.alvarr.is)

[www.varmavelar.is](http://www.varmavelar.is)



Verkfræðingafélag Íslands  
Association of Chartered Engineers in Iceland

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 139/1813*  
*komudagur 28.3.2011*

Reykjavík 24. mars 2011

*Nefndasvið Alþingis*  
*Austurstræti 8-10*  
*150 Reykjavík*

**Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um frumvarp um breytingu VSK laga til að heimila endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varmadælum og tengdum búnaði til húshitunar.**

Pingskjal nr. 601, 393.mál

Verkfræðingafélag Íslands fagnar frumvarpinu. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur skýrt fram hvernig umrædd breyting á VSK lögum getur nýst til að auðvelda íbúum á köldum svæðum að setja upp varmadælubúnað. Félagið leggur áherslu á að fagmannlega verði staðið að fræðslu um þessi kerfi til almennings sem og allri ráðgjöf við uppsetningu.

F.h. Verkfræðingafélags Íslands,

Arni B. Björnsson, framkvæmdastjóri



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (393. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa og tengingu varmadælu til húshitunar.*

Samkvæmt núgildandi lögum þá geta þeir aðilar sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar. Niðurgreiðslur á grundvelli þessarar heimildar nema í kringum milljarð króna árlega, skv. upplýsingum frá Orkustofnun, og er það fjármagnað úr ríkissjóði. Með samstarfi þeirra sem á köldum svæðum búa, ríkisins, Orkustofnunar og fyrirtækja sem starfa á þessu sviði má draga úr þessum niðurgreiðslum með því að finna aðrar, kostnaðarminni lausnir til húshitunar.

Niðurgreiðsla vegna hitunar er greidd sem hlutfall af kostnaði við hitun og því munar verulega um allar þær lausnir sem draga úr kostnaði við húshitun, bæðir fyrir ríkissjóð og viðkomandi aðila. Ofangreint frumvarp tekur skref í þessa átt með því að gera varmadælur aðgengilegri kost fyrir þá sem á köldum svæðum búa, enda munar miklu um þann afslátt sem í niðurfellingu virðisaukaskatts felst. Það verður hins vegar að gera athugasemdir við skort á forsendum og upplýsingum í umfjöllun greinargerðar með frumvarpinu. Ekki er fjallað um þann ávinning í krónum sem felst í því að setja upp varmadælur í stað raf- eða olíuhitunar. Samkvæmt Orkustofnun geta varmadælur lækkað rafhitunarkostnað um 25-80%, en þetta er mjög breytt bil. Ástæða er því til að kalla eftir frekari greiningu á því hvaða sparnaður til lengri tíma litið hlýst af umbreytingu úr rafhitun í varmadælur.

Einnig skortir á umfjöllun um þann kostnað sem getur hlotist af því að breyta úr rafhitun yfir í varmadælur. Ef breyta þarf um hitunarkerfi í húsum, hlýst af því verulegur kostnaður. Ekki kemur skýrt fram í ofangreindu frumvarpi eða greinargerð með því hvað felist í tengdum búnaði, fellur t.d. hér undir skipti á ofnakerfi í húsi? Þessu þyrfti að svara ásamt því að gera grein fyrir því hvort raunverulegur ávinningur sé af breytingu fyrir húseigendur þegar allur tilfallandi kostnaður er talinn með.

Markmið aðgerða sem þessara hlýtur að vera, þegar til lengri tíma er litið, að draga úr þörf á niðurgreiðslum vegna húshitunar þannig að lokum verði þær alveg óþarfar. Ekki eru nægilegar upplýsingar í greinargerð um hvort skipting yfir í varmadælur muni skila árangri í þessa átt kostnaðarlega séð. Kalla verður eftir frekari upplýsingum vegna þess.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda og að framlögðum þeim upplýsingum sem hér er kallað eftir.*

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands